

# Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri og í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík,  
föstudaginn 8. nóvember 2013, kl. 10 til 12.

---

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís), formaður nefndarinnar
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) (varamaður Gunnlaugar Einarsdóttur)
- Hulda Proppé frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís)
- Jórunn Harðardóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (SVS)

og að auki:

- Atli Már Sigurðsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Sólrún Svandal, stjórnarráðsfulltrúi í málefnum norðurslóða hjá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Þorsteinn Ingólfsson frá alþjóða- og öryggissviði [utanríkisráðuneytisins](#), sendiherra Íslands í málefnum Norðurslóða (SAO - Senior Arctic Official)
- Tómas Orri Ragnarsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá [Norðurslóðaneti Íslands](#)
- Tom Barry frá [CAFF](#)
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Fjarverandi voru: Gísli Pálsson, Joan Nymand Larsen, María Harðardóttir og Þóroddur Sveinsson.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Frá utanríkisráðuneyti: Helstu niðurstöður SAO fundar í Whitehorse o.fl.
3. Norðurslóðadagur 14. nóvember 2013 (dagskrá fylgdi fundarboði)
4. Norræn rannsóknáætlun um norðurslóðir (fylgdi fundarboði)
5. Samstarf við Dartmouth College
6. Fréttir frá stofnunum
7. Önnur mál

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir skoðast samþykktar og eru birtar á vef Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar viku eftir að hafa verið sendar nefndarfólki til yfirferðar.

## 2. Frá utanríkisráðuneyti: Helstu niðurstöður SAO fundar o.fl.

Þorsteinn Ingólfsson sagði frá fyrsta fundi Norðurskautsráðsins undir formennsku Kanadamanna í Whitehorse í Kanada. Nokkuð var fjallað um stöðu áheyrnarfulltrúa á fundum. Kanadamenn hafa enn ekki náð samkomulagi um selaafurðir við Evrópusambandið. Verulegur tími fór í skýrslur vinnuhópa, m.a. sagði Hugi Ólafsson frá starfsemi [PAME](#). Auk Þorsteins sátu Tómas Orri og Atli Már fundinn frá utanríkisráðuneytinu sem og Hugi Ólafsson, Soffía Guðmundsdóttir (PAME) og Tom Barry (CAFF) frá Akureyri. – Annað á döfinni er vinna fyrir ráðherranefnd um norðurslóðir í samvinnu við forsætisráðuneyti.

Spurt var um umræður um selamálið og stöðu þess, en Þorsteinn Ingólfsson sagði það ekki hafa verið rætt á fundinum. Einnig var spurt um stöðu Evrópusambandsins gagnvart Norðurskautsráðinu, en Þorsteinn sagði hana enn óljósa.

### 3. Norðurslóðadagur 14. nóvember 2013

Þorsteinn Gunnarsson sagði frá undirbúningi Norðurslóðadagsins og bað Emblu Eir að fara yfir það helsta, en hún hefur haldið utan um skipulagningu og undirbúning. Hann bað um að nefndarmenn væru duglegir að senda tilkynningu um Norðurslóðadaginn út. Fréttatilkynning verður send út innan skamms, sem og auglýsing í Fréttablaðið. Embla lagði mikla áherslu á að fólk dreifði upplýsingum um daginn. - Spurt var um hversu marga húsnaðið tæki, en ekki talin ástæða til að hafa áhyggjur af því. Síðast (2010) hafi komið um 50 manns og þessi salur tekur upp undir 100 manns.

Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 438.999 krónur og Þorsteinn lagði til að allar stofnanir sem taka þátt í starfsemi SUMN skipti þessum kostnaði á milli sín. Hann mun senda hana til forstöðumanna með afriti á nefndarmenn.

### 4. Norræn rannsóknáætlun um norðurslóðir

Þorsteinn Gunnarsson ítrekaði að þessi áætlun er í pípunum (var fjallað um á SUMN fundi í maí 2013, yfirlit fylgdi fundarboði) og búið er að stofna stjórnunarnefnd. Þetta verður sennilega auglýst í janúar og mars 2014 og umsóknarfrestur verður sex vikur til tveir mánuðir. Valdar verða 8-10 umsóknir sem síðan verður valið úr. Fókusinn verður sennilega á að setja á fót öndvegissetur um norðurslóðarannsóknir. Ekki er ljóst hve fjármunir verða miklir en trúlega til fimm ára. Þorsteinn bað fólk/stofnanir að fara að setja sig í umsóknarstillingar. Ef öndvegissetur verða fyrir valinu verða þau þrjú og minnst þrjú lönd um hvert öndvegissetur. Þorsteinn ætlar að senda fundarfólki tímaáætlunina. – Fram kom ánægja með yfirlitið og þá þverfaglegu nálgun sem einkennir áætlunina. Þarna er hvatt til samstarfs út fyrir Norðurlöndin, en þau lönd kæmu þá með fjármagn á móti.

### 5. Samstarf við Dartmouth College

Níels sagði að SVS hefði verði heppin með að verða nefnd eftir Vilhjálmi Stefánssyni og eignast við það góða vini í [Dartmouth College](#) í Hanover, New Hampshire. Þar eru [Dickey Center for International Understanding](#) og [Institute of Arctic Studies](#). Vilhjálmur Stefánsson var búsettur í Hanover síðustu æviárin og tók þátt í að koma á námi í norðurslóðafraeðum við Dartmouth College. Frá stofnun SVS hefur samstarf verið mikið með Dartmouth College og mun eflast enn frekar á næstunni. Hvatti Níels aðra til að láta vita ef áhugi er á samvinnu. Tom sagði að CAFF hefði verið í samvinnu um verkefni tengd stöðu smárra tungumála á norðurslóðum við Dartmouth College. Nú nýlega var þar [fyrirlestur til minningar um Vilhjálmi Stefánsson, fluttur af prófessor Tom McGovern](#).

### 6. Fréttir frá stofnunum

Tom (CAFF) sagði frá [Arctic Biodiversity Assessment](#) sem var kynnt á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í maí sl. Í nóvember 2014 verður haldið Arctic Council Biodiversity Symposium í Noregi, skipulagt af CAFF og vonast er eftir góðri þátttöku frá Ísandi. – Halldór (Arctic Portal) sagði frá Arctic Energy Summit, sem nýlega var á Akureyri, allt var tekið upp og verður [á netinu](#) innan skamms. Arctic Energy Summit verður eftir tvö ár í NBA og eftir fjögur ár aftur á Akureyri. Arctic Portal er að vinna að Evrópuverkefninu [EU Arctic Information Center](#), Halldór ætlar að senda upplýsingar um það. Samstarf er gott við [Northern Forum](#) í Rússlandi og verður vefsíða þeirra væntanlega sett upp hjá Arctic Portal á næstunni. – Níels (SVS) sagði frá AHDR-2 ([Arctic Human Development Report-2](#)) sem væri að klárast og hefði gengið vel. IPCC ([Intergovernmental Panel on Climate Change](#)) verkefnið (sjá fyrri fundargerðir) gengur vel og verður kynnt í mars 2014. Áfram er unnið með utanríkisráðuneytinu og Jafnréttisstofu um ráðstefnu um kynjamál og jafnrétti í norðurslóðum. Í undirbúningi er þriggja ára þverfaglegt verkefni ([GREENICE](#)) um afleiðingar breytinga á veðurfari, hafis og snjóþekju. Verkefnið fær fjárveitingu frá [NORDFORSK](#) (öndvegisrannsóknaráætlunin). Rannsóknir verða gerðar á sjávarbyggðum á norðurhluta Íslands, Noregi og Grænlandi. – Helgi

(Umhverfisstofnun) sagði engar fréttir hægt að segja fyrir en fjárlög hafa verið samþykkt! – Þorsteinn (Rannís) sagði að 30-40 manns hefðu mætt á málstofu Rannís og IASC um rannsóknarsamstarf á norðurlóðum á [Arctic Circle](#) í Reykjavík í september og verið væri að vinna samantekt úr umræðunum sem send verður til IASC. Rannís vinnur með stofnunum á Norðurlöndunum og í Kína að stofnun norrænnar/kínverskrar rannsóknamiðstöðvar um norðurlóðir í Shanghai í Kína. Fyrsti fundur miðstöðvarinnar verður haldinn þar 9.-11. desember. Rannís verður með kynningarátak um [Horizon 2020](#) þann 22. nóvember. – Héðinn (Hafró) sagði að alþjóðafundur ICES hafi gengið mjög vel (sjá síðustu fundargerð). Mælingar á hafstraumum halda áfram. Samstarfsmaður fór með ólympíueldinn á Norðurlóðunum í ísbryti í boði Rússa. – Jórunn (Veðurstofan) sagði stór norræn samstarfsverkefni klárast á næsta ári. Þau eru að leita að áframhaldandi möguleikum með sókn í aðra sjóði. Horizon 2020 kemur sterkt inn og innan Evrópusamstarfsins eru þau líka í sambandi við Portúgala varðandi ný verkefni. Veðurstofan kemur að stórum ráðstefnum á næstunni, t.d. veðurfarsráðstefnu í næstu viku á Íslandi og Climate Change Adaptation ráðstefnu. Mikið að gera við að reyna að ná í peninga fyrir rannsóknum. – Halldór sagði að Arctic Portal og Norðurlóðanetið hefðu sent umsókn í [Vaxtarsamning Eyjafjarðar](#).

Að lokum kom fram sú von að í fjárlögum ríkisins næsta ár yrði sýnilegur alvöru stuðningur sem fylgdi eftir öllu tali ráðamanna um mikilvægi norðurlóðamálefna.

## 7. Önnur mál

Þorsteinn Gunnarsson sagði frá málstofu um klasasamstarf um norðurlóðir sem SUMN stóð að ásamt fleirum og Norðurlóðanetið skipulagði á Arctic Circle ráðstefnunni í Reykjavík en á hana mættu 30 manns (Embla mun senda þátttökulista). Þátttaka var blönduð, en margir frá fyrirtækjum. Embla sagði nánar frá málstofu sem fjalli um norðurlóðasamstarf fyrirtækja og fræðafólks og yrði haldin í mars 2014 á Akureyri. Uppkast dagskrár var sent fundargestum. Í henni er einnig gert ráð fyrir málstofu að Reykjanesi í maí 2014. Spurði Embla hvort SUMN gæti hugsað sér að taka þátt í þessu. Spurt var um hverjir markhóparnir væru, Embla sagðist meðvituð um að erfitt væri að hafa þá of marga, en taldi að þetta verði að reyna. Þetta var töluvert rætt og vel tekið í hugmyndina. Áhersla var lögð á að þetta yrði unnið þannig að einhver afurð kæmi út úr þessu.

Halldór las frétt sem hann taldi sýna að ráðamenn landsins þurfi að fá frekari vitneskju um hvað Íslendingar eru að gera í norðurlóðamálum. Þorsteinn Ingólfsson sagði utanríkisráðuneytið vera að vinna að eflingu vitneskju um norðurlóðamálefni í öllum ráðuneytum.

Niels benti á tækifærin sem Grænlandingar hefðu á ýmsum sviðum og að þeir þyrftu á samstarfi við fræðimenn og fyrirtæki að halda í framtíðinni og Íslendingar þyrftu að sinna þessu af ábyrgð.

Þorsteinn Gunnarsson lagði til að hann þróaði hugmyndina að málstofu um norðurlóðasamstarf fyrirtækja og fræðafólks áfram með Emblu og SUMN og var það samþykkt.

Næsti fundur (símafundur) verður föstudaginn 31. janúar 2014 kl. 10:00